



Faghópur I

Fundargerð 20. fundar

Orkustofnun, 12. nóvember 2009, kl. 8:30:00-13:00

Mætt: Þóra Ellen Þórhallsdóttir (8:30-13:00), Auður Sveinsdóttir (8:30-13:00), Freysteinn Sigmundsson (10:00-13:00), Haukur Jóhannesson (8:30-13:00), Hilmar J. Malmquist (10:00-13:00), Kristinn Haukur Skarphéðinsson (10:00-13:00), Magnús Ólafsson (10:00-13:00), Ragnheiður Traustadóttir (8:30-13:00), Snorri Baldursson (8:30-13:00), Sólborg Una Pálsdóttir (10:00-13:00), og Tómas Þór Tómasson sem ritaði fundargerð.

Forföll: Gísli Már Gíslason, Helgi Torfason.

Gestir frá Landsvirkjun (10:00-13:00) voru Óli Grétar Sveinsson, Guðlaugur Þórarinsson, Helgi Bjarnason, Helgi Jóhannesson, Eysteinn Hafberg og Hákon Aðalsteinsson.

Fundarfrásögn

- Kynningarfundur um aðferðafræði** fyrir nýja meðlimi faghópsins (8:30-10:00). (Sjá glærusýningu Þóru Ellenar Þórhallsdóttur á heimasíðu rammaáætlunar: „2. áfangi: Vernd og Nýting – Kynningarfundir – Kynningarfundur um aðferðafræði –“.)
- Kynningarfundur** með fulltrúum Landsvirkjunar á virkjunar- og veitukostum á Þjórsársvæði og Norðurlandi (10:00-13:00). Sjá glærुकynningar með fundargerð á vinnusvæði heimasíðu.
- Norðlingaölduveita.** Eysteinn Hafberg.
 - Flatamál lóns og lónshæð: 4,9 km² – vetur (567,5 m.) niður í 3.1 km² – sumar (566 m.). Grjótarkvíslalón við austurenda dælugangna sem tengir yfir í Kvíslaveitu (0,9 km² í ca. 586 m.y.s.
 - Dælt verður allt að 65 m³ /s vatns yfir í Kvíslaveitu.
 - Aur skolað út um botnlokur að meðaltali á 4-5 ára fresti. Framkvæmt þegar Þórisvatn er fullt og þarf ekki á viðbótarvatni að halda.
 - Skv. rannsóknun mun lónið ekki ná inn í Eyvafen.
 - Með vatnsstýringu má stýra vatnsmagni í fossa neðan stíflu – án fórnar vatnsorku - og tryggja óbreytt útlit þeirra nokkra tíma á dag. Dæmi: óbreytt útlit fossa 4 klst. dag í júní (67% líkur), júlí og ágúst (95% líkur), sept. og okt. (35% líkur).
 - LV getur lagt vegstæði yfir stíflu/flóðvörn vestur yfir Þjórsá.
 - Núverandi útfærsla byggir á að setlón ofar í ánni séu ekki til staðar.
 - Megin niðurstaða LV er: „Umhverfisáhrif veitunnar eru að nær öllu leyti lítil.“
- Skrokkölduvirkjun.** Hákon Aðalsteinsson.
 - Línuleið liggur ekki fyrir, en m.v. núverandi línukerfi má búast við að raflínur yrðu leiddar stystu leið suður í Vatnsfell og reynt að hafa þær sem mest í hvarfi.
 - Vatnsborð Kvíslarveitu mun hækka lítilla.

5. **Búðarhálsvirkjun.**—Guðlaugur Þórarinnsson.
 - a. Framkvæmdir hófust árið 2000 en var frestað 2002. Virkjunin hefur orðið hagstæðari í seinni tíð með hækkandi orkuverði. Er næsta framkvæmd sem LV mun ráðast í.
 - b. Hagkvæmni mun aukast með tilkomu Norðlingaölduveitu.
 - c. Nær engin aursöfnun verður í lóninu.
 - d. Með virkjuninni verður búið að virkja allt fall frá Þórisvatni niður að Búrfelli.
6. **Neðri-Þjorsá.** Guðlaugur Þórarinnsson kynnti saman Hvammsvirkjun, Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun.
 - a. Bent á upplýsingavefinn www.thjorsa.is varðandi almennar upplýsingar um virkjanirnar.
 - b. Lónið við Urriðafossvirkjun hefur verið minnkað bæði með því að lækka lónhæð um 1 m og með því að setja garða syðst og við austurbakka lónsins, skornar af totur á báðum stöðum. Lónið við Holtavirkjun hefur einnig verið minnkað með því að lækka lónhæð um 1 m.
 - c. Spurt var um skurð sem liggur meðfram vesturbakka Urriðafosslóns. Því var svarað til að um væri að ræða drenskurð sem ætlað er að verja grunnvatnsstöðu vestan lónsins. Breidd skurðarins efst var kynnt í matsskýrslu um 20 m með aflíðandi fláa og 3-5 m í botni. Hönnun skurðarins lýkur um áramót.
 - d. Spurt var hvort mögulegt væri að stýra vatnsmagni um stífluna og tryggja Urriðafossi meira vatnsmagn (sbr. stíflu í Norðlingaölduveitu). Slíkt er mögulegt en það hefur ekki verið skoðað sérstaklega. Í núverandi tilhögun er lágmarksrennsli um Urriðafoss 10 m³/s og m.v. enga stýringu þá er rennsli yfir 60 m³/s 40% hluta ársins.
7. **Skatastaðir.** Helgi Bjarnason.
 - a. Ný útfærsla Skatastaðavirkjunar gerir ekki ráð fyrir Villinganesvirkjun.
 - b. Bugslón hefur lítið breyst frá fyrri útfærslum. Flatarmál um 25 km² en minnst um 10 km² eftir niðurdrátt. Stefnt að því að lækka ekki grunnvatnsstöðu í Orravatsnrústum með stíflugerð við Pollakvísl.
8. **Blönduveita.** Hákon Aðalsteinsson.
 - a. Virkjanirnar á eftir að fullhanna.
Á eftir að fullhanna niður í smáatriði
9. **Næsti fundur:** Fulltrúar LV munu ljúka kynningum á virkjunarkostum fyrirtækisins með yfirferð yfir jarðvarmavirkjanir á Norðausturlandi og í Hágöngum fimmtudaginn 19. nóv.
10. **Fundi var** slitið kl. 13:00.